

Ég hef starfað sem lækningaritari í tæp 29 ár á Heilsugæslustöðinni í Ólafsvík sem er tveggja lækna stöð en undanfarin 8-10 ár hefur eingöngu verið einn læknir. Flest árin hef ég verið í 50% starfi fyrir utan fjögur ár þegar ég var í 100%. Í dag vinn ég fyrir hádegi og Svanhvít Ásmundsdóttir er á mótum mér eftir hádegi.

Síðan ég byrjaði hefur starfið mikið breyst og á þeim tíma dikteruðu lækningar flest en nú færa þeir mikið sjálfir.

Fyrstu sjö árin mín var ég eingöngu í lækningaritarastörfum en árið 1998 var Sögukerfið tekið í notkun hér og var ég þá sett sem umsjónarmaður og tengiliður við EMR hér í Ólafsvík meðfram lækningaritarastörfum. Það fólst í því að sjá um að allir starfsmenn lærðu vel á Söguna. Á þeim tíma var enginn fastur læknir hér á stöðinni, þeir komu hingað í eina til tvær vikur í senn og höfðu margir þeirra ekki lært á Sögukerfið og því var það mitt að kenna þeim á kerfið. Það hefur alltaf verið nóg að gera í mínu starfi en einnig hef ég leyst móttökuritarann af og um langt skeið leysti ég af í sumarfríum og fór svo sjálf í frí eftir það.

Árið 2010 voru 8 heilsugæslustöðvar á Vesturlandi sameinaðar sem voru Hólmavík, Hvammstangi, Búðardalur, Stykkishólmur, Grundarfjörður, Ólafsvík, Borgarnes og Akranes sem varð þá að Heilsustofnun Vesturlands.

Í dag vinn ég fyrir hádegi og svara lyfjasíma frá kl. 10 – 11:30.

Mikið og gott samstarf er á milli starfsstöðva HVE. Rósa Mýrdal og núna Þuríður Þórðardóttir og Klara lækningaritarar hafa alltaf haft fagfund einusinni til tvisvar á ári á einhverri starfsstöðinni innan HVE. Það er alltaf frábært að hitta starfsfélaga frá hinum deildunum og alltaf glatt á hjalla.

Um næstu áramót mun ég láta af störfum vegna aldurs!!! (en að mínu áliti er aldur mjög afstæður). Starf mitt hefur alla tíð verið afar fjölbreytt og alltaf hef ég elskað starfið mitt og þótt jafn gaman að mæta í vinnuna.

Guðmunda Wium, lækningaritari Ólafsvík